

PBS fréttir

Enn erum við á 1. ári við að koma PBS-kerfinu í gang en það tekur 3-5 ár. Á döfinni er að setja á litaviku í desember þar sem öllum nemendum skólans er skipt í fjóra hópa, gulan, rauðan, grænan og bláan. Í síðustu litaviku vann rauði hópurinn litabikarinn og fékk piparkökur og drykk á sal.

Með PBS var sett inn sú regla, að nota mætti síma og ípod á ábyrgan hátt. Nemendur nýttu sér þetta strax og nokkuð hefur borið á því að þeir mæti einnig með myndavélar. Nú er svo komið að endurskoða þarf regluna þar sem hún hefur verið misnotuð á margan hátt. Nemendur hafa verið að samræma klósettferðir, taka myndir undir dyrnar á klósettinu o.fl. Við vitum að flestir nemendur fara eftir reglunni og þess vegna viljum við ekki breyta henni strax. Því förum við þess á leit við foreldra að þeir ræði við börnin sín um ábyrga notkun á þessum raftækjum.

Nemendaráð

Nemendaráð skólans er skipað 21 nemanda úr 9. og 10. bekk. Formaður nemendaráðs er Torfi Agnar Jónsson, 10. JS og varaformaður er Ingibjörg Jenný Jóhannesdóttir, 9. HE

Starfsfólk Myllubakkaskóla óskar nemendum og foreldrum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Foreldrafélag Myllubakkaskóla

Stjórn FFM hefur fundað reglulega það sem af er vetri. Stjórnin hitti bekkjarfulltrúa í enda október og þökkum við gott spjall og ábendingar. Framundan hjá félaginu er jólafundur sem verður fimmtudaginn 3. desember kl. 17:00.

Í stjórn nú eru 6 foreldrar barna við skólann en við höfum áhuga á að fá fleiri í lið með okkur. Ef þú hefur áhuga er hægt að hafa samband við stjórnina á netfangið austurg@internet.is

Á tengli FFM á heimasíðu skólans, má sjá fundargerðir, hagnýtt ráð fyrir bekkjarfulltrúa og ýmislegt sem nýtist foreldrum.

Stjórn FFM



Mánudaginn 4. janúar er starfsdagur hjá starfsfólki skólans. Skóli hefst aftur samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 5. janúar 2010.

Skólaráð

Í skólaráði Myllubakkaskóla eru:

Hrefna Höskuldsdóttir, foreldri
Júlíus Friðriksson, foreldri
Ingólfur H. Matthíasson, kennari
Gísli B. Gunnarsson, kennari
Svandís H. Aðalsteinsdóttir, stuðningsfulltrúi
Torfi A. Jónsson, nemandi
Ingibjörg Jenný Jóhannesdóttir, nemandi
Brynja Árnadóttir, skólastjóri



Sólvallagötu 6a 230 Keflavík
Sími: 420 1450 Fax: 420 1459
Netfang: mylla@myllubakkaskoli.is

Myllan

FRÉTTABRÉF

3. tbl. 25. árgangur nóvember 2009

Í þessari Myllu

Þemadagar
Opinn dagur
Mentor
1. desember
Leirmótunarnámskeið
Lísa og jólasveinarnir
Rithöfundur í heimsókn
Jólabingó
Jólasaga
Jólaball
Aðventustund
Jólamatur
Litlu jól
PBS fréttir
Nemendaráð
Skólaráð
Foreldrafélag Myllubakkaskóla
Skólabyrjun á nýju ári

Þemadagar

Þemadagar nemenda eru 25. og 26. nóvember. Nemendur mæta kl. 08:10 og fara heim kl. 13:10. Í ár er unnið með jólaþema. Nemendur fara að eigin vali á fjórar stöðvar þessa daga og sýna svo afraksturinn á opnum degi 27. nóvember. Stöðvar sem nemendur geta meðal annars farið á eru: brjóstsykurgerð, jólakortagerð, jólakransagerð, smákökubakstur o.fl.

Opinn dagur

Föstudaginn 27. nóvember verður opinn dagur í Myllubakkaskóla. Nemendur mæta í skólann kl. 8:10 í sínar heimastofur. Milli kl. 10:00 og 11:00 er gestum boðið að koma og skoða afrakstur þemadaganna. Skóla lýkur kl. 11:10 þennan dag. Þeir sem eru í mataráskrift geta fengið sér að borða áður en þeir fara heim.

Mentor

Við viljum árétta við foreldra að öll forföll ber að tilkynna á hverjum degi, jafnvel þó barnið sé fjarverandi fleiri en einn dag samfleytt. Foreldrar bera ábyrgð á því að nemendur mæti í skólann á réttum tíma og því hvetjum við forráðamenn til að fylgjast vel með ástundun barna sinna á mentor.

1. desember

Þriðjudagurinn 1. desember er skertur nemendadagur. Þá eru nemendur í skólanum frá kl. 8:10 - 11:10. Þeir sem eru í mataráskrift geta borðað hádegismat áður en farið er heim.



Leirmótunarnámskeið

Leirmótunarnámskeið stendur nú yfir í Myllubakkaskóla, fyrir nemendur í 6. og 7. bekk og foreldra þeirra. Það stendur yfir í fjögur skipti. Þátttaka er mikil eins og alltaf áður og komust færri að en vildu eða alls 21. Margir fallegir munir hafa verið gerðir þrátt fyrir að námskeiðið sé aðeins hálfnað.

Myndir verða settar inn á heimasíðu skólans þegar lengra er komið.



Jólaleikritið Lísu og jólasveinarnir

Söfnin í Reykjanesbæ bjóða elstu nemendum leikskóla bæjarins og í 1. og 2. bekk grunnskólanna á jólaleikritið „Lísu og jólasveinninn“ frá Lukkuleikhúsinu. Sýningarnar verða í Bíosal Duushúsa. Okkar nemendur fara á sýninguna þriðjudaginn 8. desember, kl. 10:00.



Rithöfundur í heimsókn

Þorgrímur Þráinsson rithöfundur ætlar að koma föstudaginn 4. desember og lesa fyrir nemendur í 8. - 10. bekk upp úr nýjustu bók sinni, Núll núll 9. Einnig ætlar hann að ræða við þá um persónusköpun í ritun.

Jólabingó

fimmtudaginn 10. desember

1. - 5. bekkur kl. 17:00 - 18:30

6. - 10. bekkur kl. 19:00 - 20:30

Jólabingóin fara fram á sal skólans og kostar spjaldið 100 kr. Það væri gaman að sjá sem flesta foreldra mæta með börnunum.



Jólasaga



Föstudaginn 11. desember kl. 10:30 ætlar Sandra Lind Þrastardóttir, sigurvegari Stóru upplestrarkeppninnar 2009, að lesa jólasögu fyrir yngstu nemendur skólans.

Jólaball

Sameiginlegt jólaball grunnskólanna verður um miðjan desember. Jólaball fyrir 5. - 7. bekk verður miðvikudaginn 16. desember í Fjörheimum. Jólaball fyrir 8. - 10. bekk verður þriðjudaginn 15. desember í Officeraklúbbnum.

Nánari upplýsingar verða á heimasíðu skólans þegar nær dregur.



Aðventustund á sal

Aðventustund á sal verður miðvikudaginn 16. desember. Þá koma stigin saman og sýna hvert öðru skemmtiatriði. Það hefur skapast sú hefð að nemendur í 6. bekk sýni helgileik. Það er ósk okkar að nemendur og starfsfólk eigi saman notalega aðventustund.



Jólamatur

Jólamatur verður í hádeginu fimmtudaginn 17. desember. Þeir sem ekki eru í áskrift geta keypt jólamatinn á 350 kr. en það þarf að ganga frá því í síðasta lagi þriðjudaginn 15. desember.



Litlu jól

Litlu jólin verða föstudaginn 18. desember og er það jafnframt síðasti skóladagur ársins. Nemendur mæta í skólann kl. 9:00. Hátiðin hefst í heimastofum nemenda þar sem jólaguðspjallið og jólasaga eru lesin, farið er í leiki, skipst á pökkum o.fl. Nemendur fá síðan heitt kakó og piparkökur í heimastofum.

1., 3., 5., 7. og 9. bekkur fara í salinn kl. 10:00 og dansa í kringum jólatréð í 30 mínútur og fara svo aftur í stofur til kl. 11:00. 2., 4., 6., 8. og 10. bekkur fara í salinn kl. 10:30 og dansa kringum jólatréð. Hátiðinni lýkur kl. 11:00.